

Nd.

598. Tillaga til þingsályktunar

um betrunarhús og vinnuhæli.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til rækilegrar athugunar möguleika á því, að reist verði í náinni framtíð betrunarhús og vinnuhæli fyrir fanga á hagkvæmum stað, miðað við hvorttveggja, að verkefni til útivinnu séu þar nóg fyrir hendi og að fangabústaður þessi verði eigi nær frjálsra manna heimkynnum en svo, að slík stofnun fái notið sín til hæfilegrar einangrunar. Jafnframt er ríkisstjórninni falið að athuga, til hverra annara nota húsakynni núverandi vinnuhælis á Litla-Hrauni henti, er þar að kemur, og þá helzt í þágu hins opinbera, t. d. sem fávítahæli eða til annarar líknarstarfsemi.

Greinargerð.

Þegar vinnuhælinu var ákveðinn staður á Litla-Hrauni, munu flestir hafa verið sammála um, að skilyrði voru þar öðru nær en góð fyrir slíka stofnun. Fjöldmenn kauptún sitt til hvorrar handar, þjóðvegurinn svo að kalla um hlaðið, aðstaðan til útivinnu fyrir fangana að mörgu leyti óhentug, þar sem landareign vinnuhælisins er þannig háttað, að lönd næstu jarða liggja í geirum og spildum að og inn á milli Litla-Hraunslandareignar. Af framanskráðu má sjá, að á Litla-Hrauni er mjög torvelt að einangra svo vinnustöðvar fanganna frá umferð og starfssviði hins þéttbýla umhverfis sem þörf er á og vafalaust mun ætlazt til, ef vinnuhælisvistin á að svara tilgangi sínum. Það hefir og iðulega farið svo, að fangar og frjálsir menn utan hælisins hafa gengið að störfum samhliða, svo að varla hefir mátt á milli greina. Auk þess má og geta þess, að vinnuhælisföngum hefir verið fengin vegavinna sem starfsflokkki við þjóðvegargerð, og hefir það þá orðið á kostnað annara, er skort hefir atvinnu, og verður slíkt eigi talið viðeigandi. Þess skal ennfremur getið, að öll skerðing á landareignum nábýlisjarða, Litla-Hrauni og vinnuhælinu til aukins starfssviðs, er mjög varúðarverð, vegna þeirrar þarfar, sem kauptúnunum er á því landi til framtíðar-nota.

Þess ber að geta, að þrátt fyrir hina miklu annmarka, sem á því eru, að vinnuhælið verði til frambúðar á Litla-Hrauni, er fullgild réttlætning fyrir því, að þar var byrjað, fyrir hendi. Vinnuhælishúsið var þá reist fyrir nokkru, ætlað til allt annara hluta (sjúkravistar), en þeir, sem að því stóðu, gáfust upp, m. a. af fjárhagsörðugleikum, og var því tekið til þessarar hagnýtingar, svo að byggingin gæti þó orðið til einhverra nota.

Tillaga sú, sem hér er flutt, miðast við það hvorttveggja, að ríkisstjórnin ákveði svo fljótt sem verða má afskekktan og hentugan stað fyrir vinnuhælið, með nógu landrými og verkefnum, og láti samkvæmt því reisa þar vinnuhæli, og svo hitt, að húsakynnin á Litla-Hrauni verði hagnýtt til einhvers þess, sem þörf er á, eins og minnt er á í tillögunni.

Það er sameiginleg þörf fanganna á vinnuhælinu og almennings, að hér sé stefnt að þeirri breytingu, sem tillagan fjallar um.